

4. gr.

Við brot á skilyrðum fyrir undanþágu til hundahalds skal kæra til lögreglu og hún sjá um að fjarlægja viðkomandi hund ef þörf krefur og þess er kostur. Skal hundinum komið í vörslu í áhaldahúsi bæjarins sé um minni háttar brot að ræða. Starfsmenn í áhaldahúsi Ólafsfjarðarbæjar sjá um geymslu, fóðrun og afhendingu hunds. Bæjarstjórn setur árlega gjaldskrá þar um, sbr. e-lið 2. gr. Hirði eigendur óleyfilegra hunda ekki um það að leysa þá út, eða koma þeim í vörslu utan kaupstaðarins innan 3 daga frá því að þeir voru teknir, né greiði af þeim áfallinn kostnað, skulu hundarnir aflífaðir.

5. gr.

Hættulega hunda og hunda sem ráðast á menn eða skepnur, skal lögregla fjarlægja þegar í stað. Lögreglustjóri og heilbrigðisfulltrúi taka ákvörðun um það hvernig með skuli fara og geta þeir afturkallað leyfi og fyrirskipað aflifun hunds og skal hún fara fram að höfðu samráði við dýralækni.

6. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum eða varðhaldi. Með brot út af samþykkt þessari skal farið að hætti laga um meðferð opinberra mála og að öðru leyti í samræmi við ákvæði laga nr. 109/1984, VI. og VII. kafla.

7. gr.

Ofangreind samþykkt bæjarstjórnar Ólafsfjarðar staðfestist hér með samkv. 22. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, sbr. 1. gr. laga nr. 7/1953, um hundahald og varnir gegn sullaveiki og öðlast gildi við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 8. febrúar 1988.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

**um endurgreiðslu á sérstöku grunngjaldi vegna afurða alifugla,
svína og nautgripa.**

1. gr.

Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögum nr. 6 5. janúar 1988 um breyting á lögum nr. 46/1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, skal endurgreiða framleiðendum afurða alifugla, svína og nautgripa hluta af grunngjöldum sem álögd eru skv. 1. og 2. tl. 1. gr. reglugerðar nr. 628 31. desember 1987. Endurgreiðslan skal taka til seldra afurða frá og með 1. janúar til 31. desember 1988.

Endurgreiðsla grunngjalda vegna seldra afurða alifugla og svína skal koma til lækkunar á því verði sem framleiðandi fær fyrir afurðir. Hins vegar skal endurgreiðsla koma til lækkunar á verði nautgripakjöts í heildsölu.

2. gr.

Endurgreiðsla grunnjalda vegna seldra afurða alifugla og svína skal miðast við afurðamagn sem kemur til sölu meðferðar og skal vera með sama hætti og endurgreiðsla á sérstöku fódurgjaldi skv. 11. gr. rg. 13 21. janúar 1988.

Endurgreiðsla grunnjalda vegna seldra afurða nautgripakjöts skal fara fram mánaðarlega eftir söluskýrslum afurðastöðva og skulu skýrslur berast Framleiðsluráði landbúnaðarins eigi síðar en 15. dag hvers mánaðar eftir sölumánuð.

Skýrslur afurðastöðva um sölu skulu staðfestar af endurskoðendum.

Endurgreiða skal grunnjöld til framleiðenda sem selja afurðir til annarra en afurðastöðva (sláturleyfishafa), enda sé framleiðandi skráður samkvæmt 5. gr. reglugerðar um söluskatt nr. 486/1982 með síðari breytingum.

Skýlt er framleiðanda, sé þess krafist, að leggja fyrir Framleiðsluráð skýrslur um beina sölu er sýna magn eftir verðflokkum og söluverðmæti.

3. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins annast endurgreiðslu grunnjalda skv. reglugerð þessari.

Framleiðsluráð skal mánaðarlega senda landbúnaðarráðuneytinu skilagrein um endurgreiðanleg grunnjöld. Landbúnaðarráðuneytið greiðir þá Framleiðsluráði þá fjárhæð sem fer til endurgreiðslu hverju sinni.

Endurgreiðslur á grunnjöldum vegna seldra afurða alifugla og svína skulu fara fram á sama hátt og endurgreiðsla á 25/80 hlutum af sérstöku fódurgjaldi skv. reglugerð nr. 628 31. desember 1987, og skulu ákvæði þeirrar reglugerðar gilda um endurgreiðslu grunnjalda eftir því sem við á.

4. gr.

Endurgreiðslur grunnjalda skulu vera eftirfarandi:	kr.
Á hvert kg eggja	20,00
Á hvert kg kjúklingakjöts	41,00
Á hvert kg svínakjöts	41,00
Á hvert kg nautakjöts:	
1. verðfl.	38,58
2. verðfl.	34,57
3. verðfl.	30,83
4. verðfl.	26,83
5. verðfl.	25,12
6. verðfl.	21,02
7. verðfl.	18,35
8. verðfl.	15,80

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 6 5. janúar 1988 um breyting á lögum nr. 46 27. júní 1985 um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytið, 15. febrúar 1988.

Jón Helgason.

Guðmundur Sigþórsson.